

Fyrirhugaðar hækkanir á auðlegðar- og erfðafjárskatti

Hinn 1. október sl. lagði fjármálaráðherra fram frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2011. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir hækkun og/eða breytingum fyrri skattstofna auk þess að nýir líti dagsins ljós. Meðal annars er gengið út frá því að erfðafjárskattur hækki, úr 5% í 10%, og að auðlegðarskattur hækki, hugsanlega í 1,5% og/eða fríeignarmörk taki breytingum. Áætlað er að hækkun erfðafjárskatts skili um einum milljarði króna og hækkun og/eða breyting auðlegðarskatts skili einum og hálfum milljarði króna í tekjur fyrir ríkissjóð.

Í ljósi fyrirhugaðra breytinga þykir KPMG vert að benda á og fjalla stuttlega um fyrirframgreiðslu arfs. Með því er hægt að greiða 5% skatt áður en hækkunin tekur gildi, auk þess sem eign arfleifanda minnkar sem leitt getur til þess að ekki myndist stofn auðlegðarskatts.

Um auðlegðarskatt

Auðlegðarskattur er 1,25% eignarskattur sem lagður er á nettóeign (eignir mínus skuldir) einhleypinga umfram 90 milljónir og hjóna umfram 120 milljónir króna. Eignir barna innan 16 ára aldurs teljast með eignum foreldra.

Um erfðafjárskatt

Erfðafjárskattur er 5% og greiðist af öllum fjárverðmætum er ganga til erfingja við skipti á dánarbúi manns sbr. lög nr. 14/2004, um erfðafjárskatt. Undanþegnir eru eftirlifandi maki (úr hjónabandi eða staðfestri samvist) og sambýlingur sem tekur arf samkvæmt erfðaskrá. Skattstofn erfðafjárskatts er

heilðarverðmæti allra fjárhagslegra verðmæta og eigna sem liggja fyrir við andlát að frádregnum skuldum og kostnaði. Enginn skattur greiðist þó af fyrstu milljóninni af skattstofni dánarbús og njóta erfingjar skattfrelsis í hlutfalli við arf sinn. Fríeignarmarkmið á ekki við um fyrirframgreiddan arf. Meginreglan er sú að verðmæti eigna er miðað við markaðsverðmæti á dánardegi en helsta undantekningin frá því er að fasteignir eru metnar á fasteignamatsverði.

Fyrirframgreiddur arfur

Samkvæmt erfðalögum nr. 8/1962 er ekkert því til fyrirstöðu að arfur sé greiddur erfingjum í lifandi lífi arfleifanda. Nefnist það fyrirframgreiddur arfur og greiðist af honum sami skattur og ef um skipti á dánarbúi væri að ræða. Ekki kemur til frekari skattlagningar af þeirri eignaryfirfærslu, sbr. 1. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Fyrirframgreiddur arfur greiðist erfingjum arfleifanda. Erfingjar geta verið annars vegar lögerfingjar og hins vegar þeir sem teljast erfingjar skv. erfðaskrá. Með erfðaskrá getur arfleifandi þó ekki ráðstafað meira en 1/3 eigna sinna ef skylduerfingjar eru til staðar og taka arf. Skylduerfingjar eru maki og niðjar (börn, barnabörn o.s.frv.). Niðjar eiga rétt á 2/3 og maki 1/3 af arfi arfleifanda. Ef maki er ekki til að dreifa taka niðjar allan arf en hafi arfleifandi ekki eignast börn tekur maki allan arf.

Ef fyrirframgreiddur arfur er greiddur til skylduerfingja kemur sú greiðsla til frádráttar arfi hans við andlát arfleifanda. Arfurinn er virtur erfingja til frádráttar eftir gangverði þegar erfingi veitir arfinum viðtöku, framreiknuðum til verðlags á þeim tíma sem frádráttur á sér stað við arfskipti. Skattur af fyrirframgreiddum arfi miðast við þann dag sem sýslumaður áritar erfðafjárskýrslu. Gjaldþagi erfðafjárskatts er tíu dögum eftir að sýslumaður tilkynnir erfingjum um áritun erfðafjárskýrslu og eindagi mánuði síðar. Réttaráhrif fyrirframgreiðslu upp í arf miðast við það tíma-mark þegar erfðafjárskattur hefur verið greiddur en áritun sýslumanns ef ekki þarf að greiða skatt.

Dæmi um einstakling¹

Einstaklingur sem á nettóeign að fjárhæð 50 milljónir króna greiðir út fyrirframgreiddan arf til barna sinna á árinu 2010 sem nemur 40 milljónum. Af fjárhæðinni greiða erfingjar tvær milljónir króna í skatt. Stofn erfðafjárskatts við andlát 5 árum seinna nemur 9 milljónum (fríeignamark er 1 milljón) sem greiða þarf af 10% erfðafjárskatt eða 900 þúsund krónur. Heildarskattur er því 2,9 milljónir samanborið við 4,9 milljónir krónur ef arfur hefði ekki verið greiddur fyrirfram.

Dæmi með auðlegðarskatti

Hjón með nettóeign að fjárhæð 150 milljónir króna þurfa að greiða 1,25% auðlegðarskatt af þeim 30 milljónum sem umfram eru 120 milljónir í lok árs 2010 en 1,5% árin eftir ef marka má boðuð tíðindi. Skattinn þarf viðkomandi að reiða af hendi á gjalddaga hvers árs. Eignarstofn hjónanna lækkar um samsvarendi fjárhæð. Við andlát arfleifanda 5 árum síðar hafa hjónin greitt sem nemur rúmum tveim milljónum í auðlegðarskatt. Stofn til erfðafjárskatts er 147 milljónir sem greiða þarf af 14,7 milljónir króna erfðafjárskatt. Heildar-

skattgreiðslur nema því um 16,8 milljónum króna. Ef hjónin hefðu greitt 50 milljónir í fyrirframgreiddan arf hefðu þau þurft að greiða 5% erfðafjárskatt eða 2.500.000 krónur. Eftir stendur eignarskattstofn að fjárhæð 100 milljónir króna sem er undir fríeignarmarki auðlegðarskatts. Við andlát 5 árum síðar greiða þau 10% erfðafjárskatt eða 9,9 milljónir, samtals 12,4 milljónir króna. Mismunurinn á framangreindum leiðum nemur um 4,4 milljónum króna. Til samanburðar ef greiddar hefðu verið 100 milljónir fyrirfram hefði mismunurinn orðið um 7 milljónir.

Auðlegðarskattstofn: 30 millj. kr.	Leið 1	Leið 2	Leið 3
Fyrirfram greiddur arfur	0	50.000.000	100.000.000
Auðlegðarskattur	2.112.905	0	0
Erfðafjárskattur	14.731.177	12.400.000	9.900.000
Samtals skattgreiðslur	16.844.082	12.400.000	9.900.000

Vakin er athygli á að því hærrí sem stofn auðlegðarskatts er og því meira sem greitt er út í fyrirframgreiddan arf, því meiri verður ávinningur þess að velja þá leið.

Starfsmenn KPMG hafa viðtæka reynslu af erfðamálum og bjóða upp á aðstoð við skjalagerð og frágang í tengslum við fyrirframgreiðslu arfs.

¹ Forsendur miða við hækkun erfðafjárskatts í 10% og að auðlegðarskatturinn hækki í 1,5%. Vakin er athygli á því að í útreikningi er ekki gert ráð fyrir verðlagsbreytingum milli ára né því hagræði að inna greiðslu af hendi síðar. Einnig getur verið að móttakandi fyrirframgreidds arfs verði af eignatengdum bótum s.s. vaxtatekjum.